



21. desember 2021
Tilv.: 2112021

Dreifibréf nr. 72/2021
til fjármálafyrirtækja og
Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EBA varðandi brot á hámarki stórra áhættuskuldbindinga og ráðstafanir vegna þeirra.

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. guidelines) varðandi brot á hámarki stórra áhættuskuldbindinga og ráðstafanir vegna þeirra (EBA/GL/2021/09), sbr. 3. mgr. 396. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, með síðari breytingum (CRR).¹ Viðmiðunarreglurnar taka gildi 1. janúar 2022 og beinast bæði að fjármálafyrirtækjum og eftirlitsyfirvöldum. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar [hér](#).

Í 30. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og IV. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017, er fjallað um takmarkanir á stórum áhættuskuldbindingum, sbr. 395. og 396. gr. CRR. Í ákvæðinu er kveðið á um að áhættuskuldbinding vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna megi ekki fara yfir 25% af þætti 1 fjármálafyrirtækis, sbr. 84. gr. a, 84. gr. b, og 85. gr. laganna. Áhættuskuldbindingar vegna viðskiptamanns sem er fjármálafyrirtæki, eða vegna hóps tengdra viðskiptamanna þar sem einn, eða fleiri, er fjármálafyrirtæki, megi ekki nema meira en annað hvort 25% af þætti 1 eða 10 milljörðum kr., hvort sem nemur hærri fjárhæð. Nemi hlutfallið 25% af þætti 1 lægri fjárhæð en 10 milljörðum kr. mega áhættuskuldbindingar vegna viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna ekki vera hærri en 100% af þætti 1. Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir mörkin skal það tilkynna Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitinu) án tafar, sbr. 6. mgr. 30. gr. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lög-mætt horf og í einstökum tilvikum veitt undanþágu frá takmörkunum.

Viðmiðunarreglurnar fjalla nánar um það hvernig bregðast eigi við ef fjármálafyrirtæki fer yfir hámark stórra áhættuskuldbindinga, upplýsingar sem fjármálafyrirtæki ber að veita eftirlitsyfirvöldum, tímafresti sem veita skal fjármálafyrirtæki til úrbóta og ráðstafanir sem gera þarf til að tryggja hlítu fjármálafyrirtækis.

¹ Guidelines on large exposures breaches and time and measures to return to compliance.

Í viðmiðunarreglunum eru tilgreindar lágmarks upplýsingar sem fjármálafyrirtæki ber að veita eftirlitsyfirvaldi fari það yfir hámarkið, m.a. umfang brots, nafn mótaðila, tryggingar mótaðila, hvenær brot átti sér stað, ástæður fyrir broti, aðgerðir til mildunar áhættu sem fyrirtæki hefur þegar gripið til og áætlaðan tíma til úrbóta.

Ef brot eru tíð, fyrirsjáanleg og ekki óviðráðanleg er í viðmiðunarreglunum gert ráð fyrir að fjármálafyrirtæki sé ekki veittur lengri frestur en þrjú mánuðir til úrbóta. Almennt er þó gert ráð fyrir að frestur sé ekki lengri en eitt ár. Tilgreind eru atriði sem eftirlitsyfirvöldum ber m.a. að líta til við mat á tímafresti, s.s. fyrri brota, hversu tímanlega tilkynnt er um brot, ástæður brots, eðli brots, flækjustig og umfang brots, hugsanlega áhrif á fjárhag fjármálafyrirtækis, samþjöppunaráhættu fjármálafyrirtækis, tegund mótaðila og láns hæfi og viðbrögð sem fjármálafyrirtæki hefur þegar gripið til.

Þá er í viðmiðunarreglunum fjallað um tímasettar úrbótaáætlanir í þeim tilvikum þar sem fjármálafyrirtæki er veittur lengri frestur en þrjú mánuðir, en þar komi m.a. fram upplýsingar um aðgerðir fjármálafyrirtækis til að minnka stöðu, aðgerðir til að auka eigið fé sé það nauðsynlegt, aðgerðir til að bæta áhættustýringu og aðgerðir til að bæta stefnu fjármálafyrirtækis.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, nr. 24/2017, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins auk þess að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlitið beinir því til fjármálafyrirtækja að kynna sér viðmiðunarreglurnar EBA/GL/2021/09 og taka mið af þeim í starfsemi sinni frá 1. janúar 2022. Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunareglurnar í eftirlitsframkvæmd og við mat á því hvort kröfum samkvæmt þeim ákvæðum laga sem fjallað er um hér að framan er fullnægt.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Elmar Ásbjörnsson
framkvæmdastjóri
bankar



Hjálmur Nordal
forstöðumaður
bankar